

## Elfar Logi Hannesson, leikari og sögumaður



Elfar Logi útskrifaðist sem leikari frá The Commedia School í Danmörku vorið 1997. Síðan þá hefur hann verið velvirkur og þá sérlega í leikhúsinu. Hann stofnaði Kómedíuleikhúsið 1997, sem varð að atvinnuleikhúsi Vestfjarða árið 2000 og hefur starfað þar síðan. Elfar Logi hefur leikið í nærri öllum verkum leikhússins sem og samið mörg leikverkanna. Árið 2004 stofnaði Elfar Logi

einleikjahátíðina Act alone sem hefur verið haldin árlega síðan og er því lang elsta leiklistarhátíð á Íslandi. Elfar Logi hefur leikið bæði í kvikmyndum, sjónvarpi og útvarpi. Hann hefur ritað nokkrar bækur um leiklist bæði kennslubækur og fræðibækur. Einnig hefur hann samið mikið af efni fyrir börn bæði bækur og leikrit.

## Tónlistarhópur Töfrahurðar (blásarakvintett)

**Pamela De Sensi** lauk einleikarprófi á flautu frá Conservatorio di Musica L. Perosi undir handleiðslu Matthias Ziegler í Campobasso á Ítalíu og tók meistaraþróf í kammertónlist frá Conservatorio di Musica S. Cecilia í Róm árið 2003. Hún hefur leikið á fjölmörgum tónleikum, bæði sem einleikari og í kammertónlist, á Ítalíu, heimalandi sínu, og víða í vestur Evrópu, Rússlandi, Bandaríkjunum og Mexíkó. Pamela flutti til Íslands 2008 og hefur síðan tekið afar virkan þátt í íslensku tónlistarlífi sem kennari og flautuleikari. Hún er meðal annars stofnandi tónleikaraðarinnar Töfrahurð fyrir börn, hefur samið tónlistarævintýri og tekið þátt í útgáfu bóka um tónlist fyrir börn. Pamela kennir við Tónlistarskóla Kópavogs.

**Eydís Franzdóttir** lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1987 og stundaði framhaldsnám í London. Hún lék um skeið með samevrópsku hljómsveitinni Acadya, en var svo ráðin fyrsti óbóleikari tékknesku útvarpshljómsveitarinnar í Pilzen í apríl 1992. Eydís hefur komið fram sem einleikari, með kammerhópum og hljómsveitum víða um Evrópu, Norður-Ameríku og á Íslandi, þar sem hún starfar nú og leikur m.a. með CAPUT-hópnum, Hnúkaþey, Sinfóníuhljómsveit Íslands o.fl. Eydís kennir við Tónlistarskóla Kópavogs.

**Ármann Helgason** klarinettuleikari hefur átt fjölbreyttan feril sem einleikari, kammermúsikant og hljómsveitarspilari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku Óperunni, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, kammerhópnum Camerartica og ýmsum öðrum hópum, m.a. Caput, Hnúkaþey og færeyska kammerhópnum Aldubáran. Ármann stundaði nám í klarinettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík og í London og París og hefur hann oftsinnis hlotið starfslaun listamanna til þess að sinna ýmsum tónlistarverkefnum. Ármann sinnir einnig uppeldislegum skyldum og er deildarstjóri blásaradeildar við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem hann stýrir einnig Sinfóníuhljómsveit skólans.

**Joseph Ognibene** er fæddur og uppalinn í Los Angeles og hóf tónlistarnám einungis 7 ára gamall, fyrst á píanó og síðar á horn. Hann útskrifaðist með cum laud- gráðu frá Pomona College og hélt námi áfram við Folkwang Hochschule für Musik í Essen undir stjórn Hermann Baumann. Joseph Ognibene vann til verðlauna í alþjóðlegu tónlistarkeppninni Vor í Prag,

árið 1978. Að loknu framhaldsnámi í Los Angeles var hann ráðinn hjá Sinfóníuhljómsveitinni og hefur oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands sem einleikari. Joseph Ognibene er meðlimur í Kammersveit Reykjavíkur, stofnmeðlimur Blásarakvintetts Reykjavíkur og hefur gert margar upptökur með þeim og SÍ á vegum BIS, Naxos og Chandos. Hann kom fram sem einleikari á hornþinginu í Lahti sumarið 2002.

**Kristín Mjöll Jakobsdóttir** nam við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk Mastersprófi frá Yale School of Music vorið 1989. Ennfremur stundaði hún nám við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam og í Cincinnati, Ohio. Veturinn 1991-92 starfaði Kristín með Fílharmoníuhljómsveitinni í Hong Kong og var búsett þar til 1998. Hún hefur síðan starfað sem kammaermúsikant og hljómsveitarspilari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku óperunni, Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og kammerhópum s.s. Hnúkapey, Caput og Töfrahurð. Kristín var formaður Félags íslenskra tónlistarmanna 2008-2013 og tók virkan þátt í félagsstörfum listamanna um árabil auk þess að stýra fjölbreyttum tónlistarverkefnum. Frá 2020 hefur hún verið skólastjóri Tónlistarskóla Vesturbyggðar.

